



SAMGÖNGU- OG
SVEITARSTJÓRNARRÁÐUNEYTIÐ

Jöfnunarsjóður sveitarfélaga

Sölvhólgötu 7 101 Reykjavík
sími: 545 8200 bréfasími: 552 7382
postur@srn.is srn.is

Hafnarfjarðarkaupstaður
Rannveig Einarsdóttir
Pósthólf 100
222 Hafnarfjörður

Reykjavík 7. júní 2019
Tilv.: SRN18060053/7.20

Vísað er til erindis Hafnarfjarðarkaupstaðar, dags. 23. maí 2019, þar sem sótt er um framlag úr Fasteignasjóði Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga vegna endurbóta á húsnæði sveitarfélagsins að Hörðuvöllum 1, þar er Lækur til húsa, en þar er boðið upp á dagþjónustu og iðju fyrir geðfatlað fólk.

Fram kemur í umsókn sveitarfélagsins að til hafi staðið að Lækur yrði hluti af endurgerðu húsnæði sveitarfélagsins að Suðurgötu (St. Jósefsspítali) en verið er að endurskoða þau áform og ólíklegt er að af þeim áformum verði.

Ráðgjafarnefnd Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga samþykkti á fundi sínum 28. maí sl. að taka beiðni sveitarfélagsins um kostnaðarþátttöku sjóðsins í framkvæmdinni til greina. Nemur kostnaðarþátttaka sjóðsins 25% af áætluðum heildarkostnaði að fjárhæð 26.696.840 kr., eða 6.674.210 kr., sem greitt verður úr Fasteignasjóðnum að fullu við lok framkvæmda.

Áður en til greiðlu framlagsins kemur þurfa að liggja fyrir gögn hjá sjóðnum um framkvæmdakostnað sem staðfest hafa verið af löggiltum endurskoðenda sveitarfélagsins. Jafnframt munu starfsmenn sjóðsins skoða húsnæði Lækjar við fyrsta tækifæri í samráði við starfsmenn sveitarfélagsins.

Fyrir hönd ráðherra


Guðni Geir Einarsson


Tinna Dahl Christiansen